

120 þá beiðni hreppsnefndarinnar í Álptavershreppi í Skaptafellssýslu, er hlutaðeig-
22. sept. andi sýslumaður hefir mælt með, að tjeður hreppur sje eptirleiðis sjerstök
manntalsþinghá, með þingstað að Herjólfstöðum, og ber hreppsnefndinni að
annast um sémilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari birtingar.

121 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um*
30. sept. *sjerstaka manntalsþinghá fyrir Vallahrepp.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
maður, í þóknanlegu brjefi dags. 13. þ. m. vil jeg hjer með samþykkja þá
beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi og hreppsnefndarinnar í Eyðahreppi í
Suður-Múlasýslu, er hlutaðeigandi sýslunefnd hefur mælt með, að Vallahreppur
verði manntalsþinghá út af fyrir sig með þingstað að Höfða og Eyðahreppur
sömuleiðis manntalsþinghá fyrir sig með þingstað að Eyvindará, og ber hrepps-
nefndunum að annast um sémilegt hús til þinghaldanna.

Með þessari ákvörðun er engin breyting gjörð á hinni fornu Eyðaþing-
há sem dómsþinghá.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari birtingar.

122 *Brjef landshöfðingja, til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um*
4. nóv. *skipting á Skinnastaðahreppi í 2 hreppsþjelög.* — Eptir að mjer, með þóknanlegu
brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 1. f. m., hefir borizt formleg beiðni frá hrepps-
nefndinni í Skinnastaðahreppi um skipting tjeðs hrepps í 2 hreppsþjelög, sbr.
brjef mitt til yðar, dags. 7. nóv. f. á., og með því að málið nú hefur verið rætt
og samþykkt á reglulegum hreppsnefndarfundi og hlotið eindregin meðmæli
sýslnefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, skal hjer með samkvæmt tillögum yðar
og eptir 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir
sem hjer segir:

1. Skinnastaðahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefn-
ist Axarfjarðarhreppur og Fjallahreppur, þannig að takmörk hinna nýju
hreppa verði landamerkin milli jarðanna Hóls á Hólsfjöllum og Hafursstaða
í Axarfirði.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Skinnastaða-
hrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna
nýju hreppa að tiltölu við hina samanlögðu tölu lausafjárftundarinnar til
fátækra og sveitarútsvaranna hin síðustu 5 fardagaár, 1886—91, eins og þau
hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps. Eptir sama hlutfalli skal
einnig skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til, og sem eiga rót
sína í fjelgsskap þeim, er hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara undir eins og amtið hefir ákveðið

tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur út af skiptingunni, skal úr honum skorið af sýslunefndinni, sem einnig skal ákveða um fjallskil og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er ekki gjörð nein breyting á Skinnastaðaðinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dómþinghá.

Ágrip

af reikingi landsbankans 1. júlí—30. sept. 1892.

	Tekjur:	Kr.	a.	Kr.	a.
1. Í sjóði 1. júlí 1892				42,348	10
2. Borgað af lánum:					
a. Fasteignarveðslán		15,466	87		
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán		15,789	»		
c. Handveðslán		6,373	»		
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.		1,828	60		
e. Reikningslán		10	»	39,467	47
3. Vixlar innleystir				35,820	»
4. Ávisanir innleystar				275	»
5. Bráðabyrgðarlán úr landssjóði				25,000	»
6. Seðlar frá landssjóði				16,000	»
7. Vextir				9,655	19
8. Diskonto				455	30
9. Seld kgl. ríkisskuldabryf að upphæð				60,000	»
10. Ýmislegar tekjur				99	63
11. Frá Landmandsbankanum				1,429	10
12. Innlög á hlaupareikning				123,250	»
13. Sparisjóðsinnlög				71,516	12
				<u>425,378</u>	<u>91</u>

Gjöld:

1. Lánað gegn:					
a. Fasteignarveði		14,300	»		
b. Sjálfsskuldarábyrgð		11,515	»		
c. Handveði		1,600	»		
d. Ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.		2,200	»	29,615	»
2. Vixlar keyptir				40,975	»
3. Ávisanir keyptar				4,922	83
				<u>Flyt: kr. 75,512</u>	<u>83</u>